



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☎ Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun  
Auður Ýr Sveinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík


Reykjavík, 7. mars 2005  
Tilvísun: UST20050100126/bs

### Frekari gögn vegna Þingeyrarflugvallar

Vísað er til tölvubréfs Skipulagsstofnunar dags. 7. mars 2005 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um viðbótargögn vegna fyrirhugaðrar efnistöku í Sandá. Umhverfisstofnun telur að gera ætti áætlun um efnistöku úr Sandá á grundvelli þeirra athugasemda sem fram koma í bréfi Veiðimálastofnunar dags. 4. mars 2005 og barst Umhverfisstofnun með fyrrnefndu tölvubréfi.

Í ofangreindu bréfi Veiðimálastofnunar segir m.a.: "Eftir efnistöku austan við ána verður að færa ána í nýjan farveg frá vesturbakkanum. Það ætti m.a. að geta minnkað landbrot í landi Hóla... Miklu máli skiptir að nýr farvegur verði þá lagður að hann sé ekki hafður beinn heldur bugðóttur. Áin þarf þannig rými og gott flóðfar... Einnig þarf að gera kröfur til verktaka um frágang svæðisins... Einnig væri ástæða til að græða upp eyrarnar eftir að efnistöku lýkur." Til að unnt sé að meta umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda við Þingeyrarflugvöll telur Umhverfisstofnun að fyrir þurfi að liggja áætlun um efnistöku í Sandá þar sem ítarlega er gerð grein fyrir afmörkun fyrirhugaðara efnistökusvæða með tilliti til nánasta umhverfis, vinnsludýpt, hugsanlegum vörnum gegn landbroti, hugmyndum um uppgræðslu, legu og útlit farvegar Sandár og ásýnd nánasta umhverfis árinna að efnistöku lokinni.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson

Afrit: Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar

  
Helgi Jónsson  
Forstöðumaður